

Auglýsing um tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins.

Með vísan til samnings milli Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og til reglugerðar nr. 1168/2024 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir eftirfarandi innflutning á landbúnaðarvörum, upprunnum í ríkjum Evrópusambandsins og með upprunavottorð þaðan fyrir tímabilið **1. janúar – 30. júní 2025**:

| <i>Vöruliður:</i> | <i>Vara</i> | <i>Tímabil</i> | <i>Vörumagn</i> | <i>Verðtollur</i> | <i>Magntollur</i> |
|-------------------|--|-------------------|-----------------|-------------------|-------------------|
| | | | kg | % | kr./kg |
| 0201/0202 | Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt, kælt eða fryst | 01.01. - 30.06.25 | 348.000 | 0 | 0 |
| 0203 | Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst | 01.01. - 30.06.25 | 350.000 | 0 | 0 |
| 0207 | Kjöt af alifuglum, nýtt, kælt eða fryst | 01.01. - 30.06.25 | 428.000 | 0 | 0 |
| Úr 0207 | Kjöt af alifuglum, nýtt, kælt eða fryst, lífrænt ræktað/lausagöngu | 01.01. - 30.06.25 | 100.000 | 0 | 0 |
| 0210 | Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig finmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum | 01.01. - 30.06.25 | 50.000 | 0 | 0 |
| Úr 0406 | Ostur og ystingur (**) | 01.01. - 30.06.25 | 115.000 | 0 | 0 |
| 0406 | Ostur og ystingur | 01.01. - 30.06.25 | 190.000 | 0 | 0 |
| 1601 | Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum, blóði eða skordýrum; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum | 01.01. - 30.06.25 | 125.000 | 0 | 0 |
| 1602 | Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum | 01.01. - 30.06.25 | 200.000 | 0 | 0 |

(**) skráð í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1151/2012 um vernd landfræðilegra merkinga og uppruna landbúnaðarafurða og matvæla

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Berist umsóknir um meira magn innflutnings vara úr vörulið úr 0406(**) en auglýstum tollkvóta nemur skal tollkvótanum úthlutað eftir hlutkesti. Úthlutun er ekki framseljanleg. Vörumagni vegna ársins 2023 er úthlutað í tvennu lagi, þ.e. því er skipt upp í tvö tímabil.

Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu tollkvoti.is. Nýskráning notenda í vefkerfið fer fram hjá matvælaráðuneytinu. Ef óskað er eftir nýskráningu notenda skal hafa samband við skrifstofu landbúnaðar í síma 545-9700 eða á eða á mar@mar.is.

Opnað verður fyrir umsóknir á tollkvoti.is; fimmtudaginn 7. nóvember 2024 og skulu umsóknir berast **fyrir kl. 23.59, mánudaginn 18. nóvember 2024.**

*Matvælaráðuneytinu,
7. nóvember 2024.*